

NÁMSKRÁ

Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Smiðja 2-1

Námskrá númer 23-556-2-160

VINNUSTUNDIR NÁMSMANNSS

160 klukkustundir

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði eldra en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

Allt að 8 framhaldsskólæiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

1. útgáfa 2010 (Opin smiðja), 2. útgáfa 2016 (Smiðja),
3. útgáfa 2023

Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ	4
TITILL: SMÍÐJA 2-1	4
LÝSING.....	4
INNTÖKUSKILYRÐI	5
MARKHÓPUR.....	5
HÆFNIVIÐMIÐ.....	5
SKIPULAG	6
NÁMSMAT	6
STARFSNÁM.....	6
UMFANG OG INNIHALD	6
YFIRLITSTAFLA	7
NÁMSPÆTTIR.....	8
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2 – 1.1 F-SMÍÐ 1 VA (27)	8
VERKLAG OG VINNUBRÖÐ 2 – 1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1).....	9
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA, SMÍÐJA 2 – 1.3 F-SMÍÐ 1 ÞS (1).....	10
VIÐAUKI VIÐ SMÍÐJU – NÁMSKRÁ	11
VERKDAGBÓK.....	11

Námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám og námslýsingum FA.

Titill: Smiðja 2-1

Lýsing

Námskráin Smiðja 2 – 1, lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og er gerð til að taka á fjölbreyttu verklegu og fagbóklegu námi með vinnustofum sem eru í beinum tengslum við námskrána. Megintilgangur með námi í Smiðju 2-1 er að nemar kynnist, þjálfist og nái að tileinka sér þekkingu og verklag í vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, samhæfingu huga og handa. Í því felst m.a. að nemar fái ítarlegar munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar í smiðjunni. Ennfremur að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms og auðvelda nemum að takast á við ný verkefni og/eða áframhaldandi nám.

Markmið námsins er að nemar byggji upp og efla verklega hæfni, m.a. með hagnýtum viðfangsefnum eins og við á. Viðfangsefni byggja á áherslu hvernar vinnustofu, s.s. áherslu á hönnun og skapandi hugsun hvar áherslan beinist að uppbyggingu og eflingu sköpunar með hagnýtum viðfangsefnum. Með því eru huglæg ferli sköpunar styrkt.

Áhersla er á öflun þekkingar, þjálfun í leikni við hefðbundnar aðstæður sem styrkja og auka hæfni nema fyrir viðfangsefni í heild sinni. Í því felst að vinna og leysa verkefni sem er starf eða hluti starfs og tilheyrir fjölbreyttum atvinnuvettvangi, einkum list- og verkgreinum. Við námið (í smiðju) læra og þjálfast nemar við að vinna verk sín á vandaðan og hagkvæman hátt með öryggi sitt og annarra í huga. Samhliða þessum þáttum er almenna starfshæfnin og notkun hugtaka í tengslum við verkefni, verkfæri og efni sem við eiga hverju sinni. Jafnframt er markmið að nemar þjálfist í skipulagningu og undirbúningi verkefna, vinnu og verkskilum á verki/starfi eða hluta starfs. Áhersla er á að verkáætlanir nema standist og jafnframt að nemar tileinki sér hagkvæm og vönduð vinnubrögð með öryggi sitt og annarra í huga. Í Smiðju 2 – 1 er gert ráð fyrir að nemi vinni hvert viðfangsefni með tilsögn leiðbeinanda af eigin rammleik. Afurð getur verið ein eða fleiri allt eftir lýsingu vinnustofunnar.

Námskráin er skrifuð sem snið fyrir fræðsluaðila til að útfæra lýsingar í verk- og/eða listgreinum (námslýsingar / lýsingar á vinnustofum / námskeiðum) og nýta til þess tengingu við formlega þætti námskrárinnar. Í því felst að

- FA er ábyrgt fyrir því að lýsing á vinnustofu fyrir Smiðju uppfylli kröfur til námskrár FA. Fræðsluaðilar þurfa að fá lýsingar samþykktar hjá FA sem svo birtir þær á vef undir námskrá þeirrar smiðju sem við á. Fræðsluaðilar fá sniðmát FA til að útbúa lýsingu verkefnis fyrir námskrá.
- Lýsing vinnustofunnar byggir á námskránni **Smiðja 2 – 1** og er þannig merkt.
- Heildar vinnuframlag nema samkvæmt námskránni er 160 klukkustundir.

Með smiðju er fyrst og fremst leitast við að byggja upp og styrkja verklega hæfni í ýmsum störfum. Gert er ráð fyrir að lýsing viðfangsefnis henti staðbundinni þörf starfa og/eða í samstarfi milli símenntunarmiðstöðva. Nemar læra og þjálfast í að vinna verk á sem hagnýtastan hátt auk þess að leggja sig fram um að tímaáætlun standist.

Smiðja 2-1, á 2. þrepi, er einkum ætluð fólki sem almennt hefur einhverja þjálfun við ýmis verk. Námið er 160 klukkustundir að lengd, 3 námsþættir og 8 einingar. Gert er ráð fyrir 74ra klukkustunda viðbótar vinnuframlagi nema innan heildarumfangs námskrárinnar, sjá yfirlitstöflu námskrár í pdf skjali á vef FA. Í sama skjali er einnig viðauki með tillögu að verkdagbók sem vísað er til í lýsingum námsþátta. Við lok námsins er mögulegt að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla, í heild eða að hluta. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk, 18 ára eða eldra sem á stutta formlega skólagöngu að baki og býr yfir færni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins.

Markhópur

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis
- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan formlegs skólakerfis.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemandur þurfa að búa yfir að námi loknu. Þau lýsa færni/stöðu námsmanns við námslok og endurspeglar breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Sjónarhornið hefur verið fært frá því sem leiðbeinandi gerir og að þeirri hæfni sem nemandur þarf að búa yfir við námslok. Nemandur er þannig í brennidepli.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none">• Kennsla• Hvað þarf að kenna einstaklingi?	<ul style="list-style-type: none">• Færniuppbygging• Hvaða færni þarf einstaklingurinn að búa yfir við námslok?

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námsleiða og hæfniviðmið námsþátta (áfanga). Náms einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Hæfniviðmið vísa til þekkingar jafnt sem vinnubrögða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem nemi hefur kost á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst við hvern námsþátt fyrir sig. Auk þess eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsleiðarinnar og eru þau skráð hér fyrir neðan.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal nemi búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða fyrir einstaka námsþætti:

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra verkefninu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum þar sem verk er unnið

- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tækni.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefnin sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Skipulag

Námið er fyrst og fremst verklegt með nauðsynlegri innlögn og aðstoð frá leiðbeinanda. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð nema auk þess sem sjálfstæði í vinnu að skilgreindum verkefnum vex jafnt og þétt eftir því sem líður á námstíma.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með námsleiðinni, nemendahópnum, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Leiðbeinendur skila og kynna nemendum kennsluáætlun hvers námsþáttar.

Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi, ber ábyrgð á þjónustu við þátttakendur. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum, beiti samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni í innlögn og þjálfun. Miðað er við að verkþjálfun fari fram samhliða til að styðja við yfirfærslu náms þegar það á við. Verkefnastjóri náms hjá fræðsluaðila metur umsækjendur inn í námið.

Námsmat

Námsrángur og framvinda er metin út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema ásamt vinnu og virkni. Áhersla er á að leiðbeinandi og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsrángri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Nemum gefst færi á að fylgjast með eigin framförum m.a. með því að halda verkdagbók sem lið í að meta eigin námsframvindu. Verkdagbókin nýtist í samtali nema og leiðbeinanda en einnig við lokamat. Áhersla er á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Starfsnám

Nei, ekki er um eiginlegt starfsnám að ræða en námið er í tengslum við starf eða listgrein með uppbyggingu og aukinni þjálfun til þeirra verka og verkefna sem viðkomandi smiðja nær til.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í 3-4 námsþætti.

Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við þau viðfangs- og úrlausnarefni sem staðið er frammi fyrir í starfi, einkalífi eða í samfélaginu með það að markmiði að heildarmarkmið námsins náist.



Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Ein ing	Prep
Verkefni í smiðju 2-1.1 Skipulag , verkdagbók , vinnuumhverfi	F- SMÍÐ1VA (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2 Verklýsing , verkjálfun , vinnubrögð	F- SMÍÐ1VE (1)	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3 Skipulagning , vinna og vinnubrögð	F- SMÍÐ2ÞS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	74	8	

Nánari lýsing á frjálssu vali

Á ekki við hér

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMIÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námshgrein	Smiðja, verkefni 2-1.1
Viðfangsefni	skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að nemar nái tökum á grunnþáttum við verkefni smiðjunnar. Fjallað er um vinnuumhverfi við verkefni smiðjunnar og nemar fá fræðslu um mikilvæg verkfæri / tæki sem vinna þarf með. Umhverfið er skoðað með áherslu á ábyrgð hvers nema á heilsu og öryggi. Nemar fá munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og tilsögn við að ná tökum á verklagi við lausn verkefna.

Í upphafi er fjallað um verkefnin og vinnu við þau út frá hagkvæmni í tengslum við framkvæmd og kostnað. Nemar fá greinargóða verklýsingu sem er rýnd og rædd. Fjallað um einstaka verkþætti, mikilvægi skipulags og verklags í tengslum við leiðir til lausnar verkefnisins. Skoðaðir mikilvægir þættir svo sem efni / efnistösk og sértækar leiðir ef þurfa þykir. Áhersla á grunnþætti fagmáls og hvernig vinnu er almennt háttað svo sem hvort nemar vinni í þörum, hópum eða einstaklingslega að hluta eða að öllu verkefninu. Nemar gera m.a. drög að eigin verklýsingu verkþátta innan verkefnis og þjálfa notkun verkdagbókar sem er notuð í verkefninu.

Nemar hefja undirbúning framkvæmdar verkþátta og verkefna. Notkun algengra verkfæra og tækja, efna, efnisval og meðhöndlun er þjálfað eftir því sem verkinu vindur fram. Við lok verksins gera nemar og leiðbeinandi verkið skipulega upp til dæmis með því að reikna efnismagn, efniskostnað og vinnutíma eins og við á samkvæmt verkefni.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþátta

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefnum smiðjunnar
- algengu fagmáli verkefna smiðju
- virkni og notagildi áhalda og tækja sem þarf til verksins
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- ræða framvindu verks/verkþátta með algengu fagmáli
- vinna sjálfstætt og með öðru fólki að lausn verkefna
- skrá framvindu verkefnis í verkdagbók.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og öguð vinnubrögð
- gera heildstæða verkáætlun
- koma auga á og gera ráðstafanir til að tryggja aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á verkstað.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.

Verklag og vinnubrögð 2 – 1.2

F-SMIÐ 1 VE (1)

Þrep	1
Vinnustundir	20 (10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2-1.2
Viðfangsefni	verklýsing, verkþjálfun, vinnubrögð

Lýsing

Námsþátturinn snýr í upphafi einkum að því að auka þekkingu nema á efni/efnum til verks, verkfærum og verkferlum þar sem byggt er á færni við verklag og vinnubrögð í framhaldi af fyrri námsþætti. Fjallað er um mikilvægi þess að skilgreina verkefni frá upphafi til loka. Áhersla er á að nemar þjálfí með sér þá hæfni sem þarf til að vinna skilgreint verk með því að beita þekkingu, réttu efni og verkfærum/tækjum við verkið. Nemar fá fyrirmæli / leiðbeiningar eða upplýsingar ef sérreglur eiga við um framkvæmd verks.

Nemar byrja á að skipuleggja vinnuferlið, í samráði við leiðbeinanda, nota upplýsingatækni við öflun og úrvinnslu gagna ef við á. Þá þjálfast nemar í að gera verklýsingu, útfæra einfaldar teikningar/riss, ef við á, og vinna sem mest sjálfstætt án verkstjórnar en í samráði við leiðbeinanda.

Nemar skulu geta brugðist við aðstæðum sem kunna að koma upp. Auk þess er hluti af undirbúningi hvers verks að gera efnis- og verkfæralista, huga að áætlun um efniskostnað og eða heildar kostnað við verkið. Nemar færa alltaf í verkdagbók þegar unnið er við verkið.

Áhersla er á að nemar tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, þjálfí rökhugsun í tengslum við verkefni, sýni útsjónarsemi og efli samvinnu- og samskiptafærni sína. Ýmist er um að ræða einstaklings- eða paraverkefni.

Forkröfur: Verkefni í smiðju 2-1.1 eða samhliða – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- innihaldi og gerð góðrar verklýsingar fyrir einstaka verkþátt og heildarverk
- skipulagningu vinnuferlis
- verkteikningum, lestri teikninga og annars efnis án bókstafa, s.s. nótna.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga um hvort og þá hvaða faglegu og/eða opinberu kröfur eru gerðar til verksins
- halda utan um upplýsingar vegna undirbúnings og framvindu verksins
- gera einfalda kostnaðar- og verkáætlun áður en vinna hefst
- nota mismunandi aðferðir og viðeigandi mælitæki og verkfæri
- nota fagmál í samskiptum
- taka til efni, tæki og áhöld við upphaf verks
- fylgja verkferlum og öðrum ákvörðunum.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- undirbúa verk með aðbúnað, öryggi og hagkvæmni í huga
- vinna verk sjálfstætt og í samstarfi
- beita efni, aðferðum og verkfærum í samræmi við verklýsingu á áætlun
- ræða eigin verk út frá faglegum kröfum / opinberum fyrirmælum
- ræða framkvæmd á eigin verki í út frá verklýsingu og áætlun.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.

Þjálfun og sjálfstæð vinna, smiðja 2 – 1.3

F-SMIÐ 1 ÞS (1)

Þrep	2
Vinnustundir	120 (68+52)
Námsgrein	Smiðja, þjálfun 2-1.3
Viðfangsefni	Skipulagning, vinna, vinnubrögð

Lýsing

Námsþátturinn snýr í upphafi einkum að því að auka þekkingu nema á efnislegum atriðum, verkfærum / tækjum og verkferlum þar sem byggt er á færni við verklag og vinnubrögð í framhaldi af fyrri námsþætti.

Áhersla er á að nemar þjálfni með sér þá hæfni sem þarf til að vinna skilgreint verk með því að beita þekkingu, réttu efni og tækjum til hvers verks. Áhersla er á mikilvægi þess að verkefni sé skilgreint frá upphafi til loka. Nemar fá einföld fyrirmæli / leiðbeiningar eða upplýsingar ef sérreglur eiga við um framkvæmd verks. Byrja á að skipuleggja vinnuferlið, í samráði við leiðbeinanda, nota upplýsingatækni við öflun og úrvinnslu gagna ef við á. Þá þjálfast nemar í að gera einfalda verklýsingu, útfæra einfaldar teikningar/lýsingar ef við á og vinna verkið að mestu sjálfstætt án verkstjórnar en í samráði við leiðbeinanda.

Nemar þurfa að geta brugðist við aðstæðum sem kunna að koma upp við verkefnið. Auk þess er hluti af undirbúningi hvers verks að gera efnis- og búnaðarlista auk áætlunar um efniskostnað og eða heildar kostnað við verkið. Nemar færa í verkdagbók þegar unnið er við verkið eins og lagt er upp með í fyrri námsþætti. Áhersla er á að nemar tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, þjálfni rökhugsun í tengslum við verkefni, sýni útsjónarsemi og efli samvinnu- og samskiptafærni sína.

Forkröfur: Verklag og vinnubrögð 2-1.2 eða samhliða – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gerð verklýsingar og -áætlunar fyrir verkþátt og heildarverk
- innihaldi góðrar verklýsingar
- undirbúningi og skipulagningu vinnuferlis
- verkeikningum og að lesa skýringamynd eða teikningu
- gerð áætlunar fyrir verk.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga um hvort og þá hvaða faglegar og/eða opinberar kröfur eru gerðar til verksins
- halda utan um upplýsingar vegna undirbúnings og framvindu verksins
- gera einfalda kostnaðar- og verkáætlun áður en vinna hefst á verkstað
- nota fagmál í samskiptum
- útvega viðeigandi efni, tæki og verkfæri til verks við upphaf verks
- fylgja verkáætlun.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- undirbúa verk með aðbúnað, öryggi og hægkvæmni í huga
- vinna með öðrum og hrósa fyrir vel unnið verk þegar við á
- beita efni, aðferðum og verkfærum verklýsingu og áætlun
- ræða eigin verk út frá faglegum kröfum / opinberum fyrirmælum
- ræða eigin verk í takti við verklýsingu og áætlun.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.



Viðauki við Smiðju – námskrá

Verkdagbók

Forsíða

Nafn nema:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók safnarðu efni til þess að:

- auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar
- þú og leiðbeinendur eigið auðveldara með að meta framvindu og árangur verkefna og náms
- hafa vitnisburð um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna öðrum verkdagbókina.

- Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók daglega, eða þegar unnið er við verk.
- Framsetning efnis getur verið texti, riss, teikning, ljósmynd, myndskreið og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem nemi kýs að færa verkdagbók.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsing, áætlun, uppgjör og annað um undirbúning, skipulag og framvindu verks
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.



Innsíða

Vinnustofa / verkefni í _____ Blaðsíða ____ af _____

Unnið við:	Dags.	Frá kl.:	Til kl.:
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		

Út frá verklýsingu:

mynd, teikning, riss, myndatexti, minnisatriði, hugleiðing, ályktun og fleira eins og þurfa þykir.

